

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/2001 um fresti til að skila framtölum skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2001, sbr. 91. gr. laga nr. 75/1981 með áorðnum breytingum.

Frestir til að skila framtölum.

1. gr.

Framtölum manna, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eigi síðar en 19. mars 2001. Skattstjóra er heimilt ef sérstaklega stendur á að veita frekari frest til að skila framtali en þó ekki lengur en til 2. apríl.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er skilafrestur þó til 2. apríl 2001.

2. gr.

Framtölum manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal skila til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 26. mars 2001. Skattstjóra er heimilt ef sérstaklega stendur á að veita frekari frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til 9. apríl 2001.

Sé framtali skilað með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra er skilafrestur þó til 9. apríl 2001.

3. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí 2001.

Form og skilamáti framtala.

4. gr.

Menn, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2000 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali 2001 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út og dreift.
- b) Á rafrænu skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is.
- c) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- d) Á framtalseyðublaði, sbr. a) lið, sem prentað er með litarasta úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.

5. gr.

Menn, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2000 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali 2001 (RSK 1.01), sem ríkisskattstjóri hefur gefið út og dreift.
- b) Á skattframtali á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is. ásamt tilskyldum fylgiskjöllum samkvæmt skilyrðum þar að lútandi, sem birt eru á heimasíðunni.
- c) Með dulrituðum tölvupósti úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- d) Á framtalseyðublaði, sbr. a) lið, sem prentað er með litarasta úr framtalsforritum, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.

Skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur og önnur tilskilin fylgiskjöl.

6. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2000 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 á pappírformi, sem ríkisskattstjóri hefur gefið út og dreift.
- b) Úr framtalsforriti RSK 1.04 á tölvudisklingi, ásamt útfylltri og undirritaðri forsiðu á pappír.
- c) Úr framtalsforriti RSK 1.04 sent með dulrituðum tölvupósti skv. samningi við ríkisskattstjóra.

Skattframtali lögaðila skal fylgja ársreikningur og önnur tilskilin fylgiskjöl.

7. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 91. og 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Reykjavík, 10. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.